

Föstudaginn 24. september 1976.

Nr. 62/1976. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari)
gegn

Sigurði Kort Hafsteinssyni

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Dó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Þjófnaður. Líkamsárás.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu er áfrýjað að því er varðar ákærða Sigurð Kort einan.

Í 2. lið ákæruskjals frá 12. júlí 1974 er ákærði aðeins sóttur til refsingar fyrir háttsemi, sem þar er talin varða við 217. gr., 1. málsgrein, almennra hegningarlaga. Eigi er til úrlausnar í máli þessu, hvort hann hafi gerst brotlegur við 218. gr. sömu laga.

Brot ákærða eru réttilega færð til refsíákvæða í hinum áfrýjaða dómi. Með hliðsjón af æsku ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin 12 mánaða fangelsi. Staðfesta ber hér aðsdóm að öðru leyti, að því leyti sem honum er áfrýjað, með vísan til forsendna hans.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma ákærða til greiðslu alls kostnaðar af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, svo og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 40.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Sigurður Kort Hafsteinsson, sæti fangelsi 12 mánuði. Hinn áfrýjaði dómur á að öðru leyti að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar,

þar með talin saksóknarlaun, 40.000 krónur, er renni í ríkissjóð, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. apríl 1975.

Ár 1975, þriðjudaginn 22. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómsara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 436–439/1975: Ákærvaldið gegn Sigurði Kort Hafsteinssyni, Páli Guðfinni Gústafssyni, Guðbirni Helga Ríkarðssyni og Ásgeiri Erni Gunnarssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með þrem ákæruskjölum ríkissaksóknara gegn ákærðu, Sigurði Kort Hafsteinssyni, Gyðufelli 4, Reykjavík, fæddum þar í borg 23. febrúar 1956, Páli Guðfinni Gústafssyni, Varmahlíð við Hörghlíð, Reykjavík, fæddum þar í borg 19. febrúar 1956, Guðbirni Helga Ríkarðssyni, Eiríksgötu 11, Reykjavík, fæddum þar í borg 11. febrúar 1935, og Ásgeiri Erni Gunnarssyni, Sólheimum 27, Reykjavík, fæddum þar í borg 7. september 1956.

Mál er höfðað gegn öllum ákærðu með ákæruskjali, dagsettu 12. júlí sl., „fyrir eftirgreind hegningarlagabrot:

1. Sigurði Kort Hafsteinssyni er gefið að sök að hafa í félagi við tvo aðra pílta, föstudagsnóttina 17. nóvember 1972, brotist inn í verslunina Varmá við Hverfisgötu í Reykjavík og stolið þar um kr. 1.200 í peningum og 5 lengjum af vindlingum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Sigurði Kort Hafsteinssyni og Páli Guðfinni Gústafssyni er gefið að sök að hafa í félagi, þriðjudagsnóttina 5. febrúar 1974, þá er þeir voru staddir fyrir utan samkomuhúsið Þórscafé í Reykjavík, ráðist þar á Skapta Steinbjörnsson, Drápuhlíð 25, Reykjavík, og veitt honum líkamsáverka á nefi með hnefahöggum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

3. Sömu aðilum og greinir í 2. ákærulið hér að framan er gefið að sök að hafa í félagi, sunnudagsnóttina 14. apríl 1974, ráðist að þeim Guðmundi Karli Björnssyni, Syðri-Brennihóli, Glæsibæjarhreppi, og Björgvin Þorsteinssyni, Byggðavegi 92, Akureyri, þar sem þeir voru á gangi á mótum Hamrahlíðar og

Stakkahlíðar í Reykjavík, og valdið þeim líkamsmeiðingum með höggum og spörkum, og hlutu þeir báðir áverka í andliti, einkum Guðmundur Karl, auk þess sem þeir urðu fyrir fataspjöllum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

4. Öllum ákærðu að undanskildum Páli Guðfinni er gefið að sök að hafa framið þjófnað í íbúð Páls Sigurðssonar, Eskihlíð 16 A, Reykjavík, þar sem þeir voru gestkomandi sunnudaginn 12. maí 1974, ákærða Guðbirni Helga með því að stela þar ýmsum skrautmunum, nokkrum bókum, málverki, silfurborðbúnaði og tékkhefti á Landsbanka Íslands, útibúið á Selfossi, og ákærðu Sigurði Kort og Ásgeiri Erni Gunnarssyni með því að stela úr hirslu í íbúðinni kr. 40.000 í peningum og hafa á brott með sér.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

5. Loks er ákærða Guðbirni Helga gefið að sök að hafa í beinu framhaldi af þjófnaðarbroti því, sem rakið er í 4. lið hér að framan, falsað einn tékka úr þar greindu tékkhefti, D. Nr. 22627, að fjárhæð kr. 500, dagsettan 12. maí 1974, með því að falsa á hann útgefandanafnið Einar Sigurðsson og framsalið Guðmundur Jónsson og nota hann síðan í viðskiptum við ísbúðina við Lækjartorg.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

Þá er mál höfðað með ákæruskjali, dagsettu 7. október sl., gegn ákærða Guðbirni Helga „fyrir tékkafals með því að hafa í maí-mánuði 1974, falsað og notað síðan í viðskiptum við biðskýlið við Háaleitisbraut í Reykjavík tékka að fjárhæð kr. 5.000 á Múla-útibú Landsbanka Íslands, Reykjavík. Tékkann, sem ber númerið A Nr. 958700, falsaði ákærði með því að rita á hann útgefandanafnið Albert Jónsson og reikningsnúmerið 2546, sem hvort tveggja var valið af handahófi. Tékkinn er dagsettur 4. maí 1974 og mun hafa verið notaður með framangreindum hætti um svipað leyti.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Loks er mál höfðað með ákæruskjali, dagsettu 27. febrúar sl., gegn ákærða Guðbirni Helga „fyrir að hafa, einhvern tíma seinni hluta ágústmánaðar 1974, tekið við karlmannsarmbandsúri frá Guðmundi Ermenrekssyni, Grýtubakka 22, Reykjavík, í því skyni

að koma því í verð, en selt síðan úrið einhverjum vegfaranda fyrir kr. 6.000 og hagnýtt sér andvirði þess í sjálfs sín þarfir í stað þess að skila eiganda úrsins andvirði þess, eins og til var ætlast.

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærðu sjálfra og öðru því, sem fram hefur komið í málinu:

Ákæra, dagsett 12. júlí 1974.

1.

Að morgni föstudagsins 17. nóvember 1972, um klukkan 0825, voru tveir rannsóknarlögreglumenn í Reykjavík á ferð eftir Hverfisgötu. Þeir veittu því þá athygli, að brotin hafði verið rúða í dyrum verslunarinnar Varmár á horni Vitastígs og Hverfisgötu. Við nánari athugun kom í ljós, að þarna hafði verið framið innbrot með því að brjóta rúðuna í hurðinni og teygja sig inn um gatið í læsinguna og opna þannig.

Þegar náðist til eiganda verslunarinnar, Grímars Jónssonar, kom í ljós, að tekin hafði verið lítil peningaskúffa úr annarri skúffu, eitthvað af vindlingum og a. m. k. einn bakki af eggjum. Grímar taldi, að í skúffunni hefðu verið 6—8 hundruð krónur.

Rannsóknarlögreglan upplýsti, hverjir þarna voru á ferð, en það voru ákærði Sigurður Kort Hafsteinsson og tveir aðrir piltar, Þórarinn Einarsson, Hjallavegi 50, og Pétur Þór Magnússon, Melhaga 10, báðir í Reykjavík.

Samkvæmt framburði ákærða Sigurðar Korts fyrir dómi og framburðum félaga hans hjá rannsóknarlögreglunni eru frekari málavextir þessir:

Aðfaranótt föstudagsins 17. nóvember 1972 var ákærði Sigurður Kort á göngu eftir Hverfisgötu ásamt áðurgreindum tveim félögum sínum. Þegar þeir voru á móts við verslunina Varmá, tók Pétur Þór flösku, sem hann fann á götunni, og braut með henni rúðuna í útidyrum verslunarinnar. Ekki var rætt um það fyrirfram að brjótast þar inn. Eftir að rúðan hafði verið brotin, gengu þeir félagar í hring um hverfið og komu síðan aftur að versluninni, þar sem þeir höfðu ekki séð neinar mannaferðir. Fóru ákærði og Pétur Þór inn í verslunina, með því að Pétur Þór teygði aðra höndina inn um brotna rúðuna og opnaði þannig læsinguna

á hurðinni. Ákærði og Pétur fóru síðan inn í verslunina, og þar tóku þeir 5 lengjur af vindlingum og peningaskúffu, sem var í skúffu í borði í versluninni. Í skúffunni voru nálægt 1.200 kr., aðallega í smámynt, en einnig tveir 100 kr. seðlar. Ákærði og hinir piltarnir skiptu á milli sín þýfinu, en skúffunni hentu þeir í sorptunnu hjá næsta húsi. Ákærði fékk í sinn hlut af þýfinu 2 lengjur af vindlingum og nálægt 500 kr. í peningum.

Þegar ákærði var handtekinn nokkrum dögum síðar, hafði hann selt vindlingalengjurnar og var búinn að eyða því, sem hann fékk fyrir þær, svo og peningunum, en þetta notaði hann allt til þess að skemmta sér fyrir.

Grímar Jónsson gerði kröfu til þess, að innbrotsmennirnir yrðu dæmdir til þess að bæta honum tjón hans vegna innbrotsins að fullu með 8.000 krónum. Móðir Péturs Þórs greiddi fyrir son sinn 2.667 krónur af kröfunni. Ákærði hefur samþykkt að greiða eftirstöðvar hennar, og móðir hans hefur fyrir sitt leyti einnig samþykkt það.

Þessi háttsemi ákærða Sigurðar Korts er sönnuð með játningu hans sjálfs, sem er í samræmni við önnur gögn málsins. Varðar hún við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2.

Miðvikudaginn 13. febrúar 1974 kærði Skapti Steinbjörnsson, Hafsteinsstöðum í Skagafirði, til rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík vegna árásar, sem á hann var gerð fyrir utan samkomuhúsið Þórscafé, þegar hann kom þaðan út um miðnætti aðfaranótt 5. febrúar. Lögregla hafði verið kvödd á vettvang, og í skýrslu, sem gerð var um málið, segir svo m. a.:

„Þegar við komum á staðinn, sáuð við, hvar nokkrir unglingar voru í hörkuáflogum, sumir reyndu að skilja á milli, en aðrir börðust af mikilli heift.

Við stöðvuðum leikinn og tókum fjóra illa útlítandi unglinga inn í lögreglubifreiðina. Voru þeir allir mjög blóðugir. Einn þeirra var með skurð á nefi, svo að flytja þurfti hann á slysadeild Borgarspítalans, var til þess kallað á aðra lögreglubifreið, og flutti hún manninn á Borgarspítalann, þar sem skurðurinn var saumaður.

Lögregluþjónn nr. 91 ræddi við manninn, og kvaðst hann aðspurður heita: Skapti Steinbjörnsson, f. 17/9 1955, lögheimili Hafsteinsstöðum, Skagafirði, aðsetur Drápuhlíð 25, kjallara. Skapti gerði lítið úr atburðum þeim, sem skeð höfðu, og kvaðst ekkert

vilja gera í málinu. Honum var leyft að halda sína leið, eftir að búið var að gera að sárnum hans.

Færðum við hina unglingana þrjá á lögreglustöðina Hverfis-götu 113 og fyrir Sveinbjörn Bjarnason varðstjóra.

Þeir kváðust aðspurðir heita: Páll Gústafsson, f. 19/2 1956, Varmahlíð við Hörghslíð, Sigurður Hafsteinsson, f. 23/2 1956, Gyðufelli 4, Sæmundur Jónsson, f. 4/11 1956, Hringbraut 13, Hafnarf.

Þeir kváðu Skapta og féлага hans hafa ætlað að ryðjast fram fyrir þá í biðröðina, sem var fyrir utan anddyri Þórscafé. Hófust þá stimpingar, sem síðan enduðu í hörkuáflogum. Þeir kváðu Skapta og féлага hans, sem voru fjórir eða fimm, hafa notað hníf og flöskubrot til þess að blóðga þá. Páll var með brotna framtönn og Sigurður með skurð á v/hönd, svo að flytja varð Sigurð á slysadeild. Þeir félagar vildu ekkert gera í málinu“.

Í áverkavottorði Péturs Péturssonar, aðstoðarlæknis á slysa-deild Borgarspítalans, dags. 7. febrúar 1974, segir svo m. a. um meiðsli Skapta:

„Við skoðun kom í ljós: Sj. var alblóðugur í andliti, og blæddi úr báðum nösnum og úr þverstæðu sári ofarlega á nefi, 1 cm löngu. Nefið var bólgið.

Við rtg. myndun kom í ljós, að nefbein voru þverbrotin 5 mm frá neðri enda, en beinin lágu þó rétt.

Nasablæðingin stöðvaðist strax, en taka þurfti saumspor í sárið ofan á nefinu. Að því búnu fékk sj. að fara heim til sín.

Við skoðun í dag er bólgan á nefinu farin að minnka, en mar er kringum vinstra auga“.

Verður nú rakinn framburður vitnisins Skapta fyrir dóminum, en sá framburður hans er gleggri en hjá rannsóknarlögreglunni.

Skapti var staddur á stéttinni fyrir utan Þórscafé laust eftir miðnætti greinda nótt. Hann heyrði, að æsingur var í fólkinu, sem var fyrir utan, og var honum sagt, að slagsmál hefðu orðið fyrir utan húsið. Meðal fólksins var piltur, sem var blóðugur á hendi. Skapti bauð þessum pilti að aka honum á slysavarðstofuna, en Skapti, sem aðeins hafði bragðað áfengi, var með bifreið og bifreiðarstjóra á staðnum. Pilturinn vildi ekki þiggja boð Skapta, enda þótt hann væri hvattur til þess af einhverjum kunningjum sínum. Eftir um 5 mínútur, og án þess að Skapti hefði nokkuð talað við piltinn frekar, kom hann með miklum orðaflaumi, sem Skapti skildi ekki, og sló hann fyrirvaralaust beint í andlitið með þeim afleiðingum, að nefið brotnaði og mikið blæddi úr því.

Skapti er öruggur á því, að það var þetta högg, sem braut nefið. Jafnframt er hann öruggur á því, að það var pilturinn, sem hann hafði boðið aðstoðina, sem greiddi honum höggið. Eftir að Skapti hafði fengið þetta högg, hófust áflog, sem tveir félagar píltsins tóku einnig þátt í. Í þessum áflogum fékk Skapti einhverjar skrámur, en ekki verulegar. Ekki getur Skapti gert sér grein fyrir því, hver það var öðrum fremur, sem veitti honum þessar skrámur. Ekki varð hann þess var, að neinn piltanna hefði reynt að skalla hann í andlitið.

Ákærðu Sigurður Kort og Páll Guðfinnur viðurkenndu báðir hjá rannsóknarlögreglunni aðild sína að árásinni á Skapta, og báðir lýstu aðdraganda hennar á sama veg og Skapti lýsir honum. Samkvæmt framburðum ákærðu hafði ákærði Sigurður Kort dottið og skorið sig á annarri hendinni. Ákærði Sigurður Kort taldi högg sitt í andlit Skapta þó ekki hafa lent á nefi hans.

Við yfirheyrsluna hjá rannsóknarlögreglunni skýrði ákærði Sigurður Kort svo frá, að eftir að hann hafði slegið Skapta, hefði hann ráðist á sig og skellt sér viðstöðulaust í götuna og haldið sér þar án þess þó að berja sig eitt einasta högg. Þá réðst Sæmundur Gunnar Jónsson á Skapta í þeim tilgangi að koma ákærða Sigurði Kort til hjálpar, en Skapta tókst að kasta Sæmundi Gunnari út á götuna. Þá réðst ákærði Páll Guðfinnur á Skapta, og að sögn ákærða Sigurðar Korts slógust þeir mikið og lengi. Sagðist ákærði Sigurður Kort hafa séð ákærða Pál Guðfinn skalla Skapta á nefið með enninu og hefði hann séð blæða úr Skapta, eftir að ákærði Páll Guðfinnur fór að slást við hann. Ákærði Sigurður Kort kvaðst ekki hafa haft afskipti af slagsmálunum, eftir að Sæmundur Gunnar skarst í leikinn. Taldi ákærði Sigurður Kort alveg víst, að ákærði Páll Guðfinnur hefði nefbrotið Skapta.

Ákærði Páll Guðfinnur skýrði rannsóknarlögreglunni svo frá, að hann hefði ráðist að Skapta, eftir að hann hafði losað sig við Sæmund Gunnar. Ekki mundi ákærði Páll Guðfinnur, hvernig slagsmálum þeirra lauk né hvað hvor gerði við hinn.

Sæmundur Gunnar skýrði frá því í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni, að hann myndi óljóst eftir slagsmálunum vegna þess, hversu ölvaður hann var. Hann mundi þó til þess að hafa ætlað að hjálpa öðrum hvorum hinna ákærðu og að andstæðingur hans náði að kasta honum frá sér, þannig að hann lenti með höfuðið á gangstéttinni með þeim afleiðingum, að hann rotaðist. Sæmundur Gunnar kvaðst hafa séð ákærða Pál Guðfinn

skalla andstæðing sinn í andlitið, og þótti honum ekki ólíklegt, að afleiðingarnar hefðu orðið nefbrot.

Ákærðu skýrðu fyrir dómi frá árásinni með sama hætti og þegar hefur verið rakið. Báðir voru þeir drukknir, og kveðst ákærði Páll Guðfinnur hafa verið blindfullur.

Ákærði Sigurður Kort hafði staðið uppi á tröppunum fyrir utan samkomuhúsið og var að reyna að komast inn. Tók þá einhver, sem stóð fyrir aftan hann, í hárið á honum með þeim afleiðingum, að hann datt niður tröppurnar og skar sig á annarri hendinni. Ákærði Sigurður Kort taldi, að höggið, sem hann sló Skapta, hefði ekki komið á nefið, en vildi þó ekki fullyrða slíkt.

Ákærði Páll Guðfinnur telur högg ákærða Sigurðar Korts hafa komið á nefið, þar sem hann sá blæða úr því eftir höggið. Ákærði Páll Guðfinnur taldi sig ekki hafa slegið manninn í þessum átökum eða sparkað í hann. Ákærða Páli Guðfinni var kynntur framburður ákærða Sigurðar Korts þess efnis, að hann hefði séð ákærða Pál Guðfinn skalla Skapta í andlitið og þá hafi farið að blæða úr nefi hans. Ákærði mótmælti þeim framburði sem alröngum og neitaði að hafa skallað manninn í andlitið.

Áðurgreindur Sæmundur Gunnar kom fyrir dóm, en mundi sökum ölvunar lítið eftir því, sem gerðist þarna þessa nótt, en þó minnst hann þess að hafa lent í átökum. Ekki sá hann upphaf átakanna, og ekki sá hann ákærða Sigurð Kort slá neinn í andlitið í átökunum. Ekki mundi hann fyrir dómi, hvort hann sá ákærða Pál Guðfinn skalla einhvern í andlitið.

Ákærða Sigurði Kort var kynntur áðurgreindur framburður ákærða Páls Guðfinns, og gerði hann ekki athugasemdir við hann.

Skapti Steinbjörnsson hefur gert kröfu til þess, að ákærðu verði dæmdir til þess að greiða honum kr. 34.350 í skaðabætur, sem sundurliðast þannig: ónýtur jakki kr. 7.000, ónýtar buxur kr. 2.000, rifin skyrti kr. 2.000, áverkavottorð kr. 650, lækni- aðstoð kr. 2.700 og miskabætur kr. 20.000.

Ákærðu hafa báðir samþykkt kröfuna svo og móðir ákærða Sigurðar Korts, en föður ákærða Páls Guðfinns var gerð grein fyrir kröfunni símleiðis, en hann mætti ekki fyrir dómi til þess að taka afstöðu til kröfunnar.

Með eigin játningum ákærðu Sigurðar Korts og Páls Guðfinns og framburði vitnisins Skapta er sannað, að ákærðu veittust báðir að Skapta með barsmið, svo sem áður er rakið. Þá er einnig sannað af því, sem fram er komið, að það hafi verið ákærði Sig-

urður Kort, sem nefbraut Skapta. Með árás sinni hefur ákærði Páll Guðfinnur brotið gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga. Brot ákærða Sigurðar Korts varðar við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, en þar sem hann er ákærður fyrir brot á 1. mgr. 217. gr. þeirra laga, verður honum einungis refsað samkvæmt þeirri lagagrein.

3.

Laust eftir kl. 0230 aðfaranótt sunnudagsins 14. apríl 1974 voru Björgvin Þorsteinsson, stud. jur., Byggðavegi 92 á Akureyri, og Guðmundur Karl Björnsson nemandi, Syðri Brennihóli í Glæsi-bæjarhreppi, á göngu eftir Hamrahlíð í Reykjavík. Þeir höfðu meðferðis áfengisblöndu í gosdrykkjarflösku. Að sögn Björgvins voru þeir báðir hýrir af víni. Guðmundur Karl kveðst hafa verið lítils háttar undir áhrifum áfengis, en telur, að Björgvin hafi verið ódrukkinn. Í nánd við Hörgshlíð höfðu þeir tal af fólki í leigubífreid og spurðu til vegar. Guðmundur Karl gaf öðrum tveggja pilta, sem voru í bifreiðinni, áfengi að drekka úr flöskunni, áður en þeir yfirgáfu þá. Segir Björgvin, að Guðmundur Karl hafi gert þetta að beiðni annars piltins. Hann segir, að ekki hafi verið mikið í flöskunni, áður en piltarnir fengu að drekka úr henni, og ekki drukku þeir mikið úr henni að hans sögn. Þá man Björgvin ekki til þess, að piltarnir hafi tæmt úr flöskunni eða þeir fundið að því við þá. Guðmundur Karl man heldur ekki til þess, að hann eða Björgvin hafi fundið að þessu við piltana.

Þegar þeir félagar höfðu fengið umbeðnar upplýsingar, gengu þeir á brott, en höfðu skammt farið, þegar annar hvor piltanna, en það voru ákærðu Sigurður Kort og Páll Guðfinnur, kallaði í þá og bað þá að koma til baka. Sneru þeir þá báðir við til að tala við ákærðu. Verða nú raktir framburðir Björgvins og Guðmundar Karls fyrir dómnum um það, sem næst gerðist.

Björgvin segir, að þegar þeir komu að bifreiðinni, hafi ákærðu báðir verið komnir út úr henni. Ákærðu byrjuðu báðir að skammast yfir því, hvers vegna þeir félagar hefðu stöðvað bifreiðina. Þeir svöruðu því, að þeir hefðu verið að spyrja til vegar. Ákærðu virtust ekki gera sér svör þeirra félaga að góðu og héldu áfram að rifast. Ekki man Björgvin sérstaklega, hvað þeim fór á milli, en næst gerðist það, að annar ákærðu sparkaði undir kjálkabarðið á Björgvini, sem þá var að kveikja sér í vindli. Var þetta eina höggið, sem hann fékk í átökum þeim, sem á eftir fóru. Hann

vankaðist við höggið og hljóp á brott til að sækja aðstoð. Áður en annar ákærðu sparkaði í Björgvin, hafði hann beðið hann að taka ofan gleraugun, áður en hann slægi hann. Þegar Björgvin fór á brott, voru ákærðu byrjaðir að slá til Guðmundar Karls, en átökunum við hann var lokið, þegar Björgvin kom til baka, og ákærðu horfnir inn í hús við götuna.

Björgvin hlaut ekki varanleg meiðsli af völdum píltsins, sem sparkaði í hann, og gerir ekki bótakröfu á hendur ákærðu vegna meiðsla sinna, sem voru áverki á hökuna.

Björgvin segir, að það hafi verið lágvaxnari pilturinn, sem sparkaði í hann (þ. e. ákærði Páll Guðfinnur).

Guðmundur Karl skýrir svo frá, að hann hafi orðið á undan til baka, og um það leyti fór bifreiðin á brott. Ákærði Sigurður Kort bauð Guðmundi Karli að slást og greip í hann aftan frá, og ákærði Páll Guðfinnur svipti af honum jakkanum og úlpunni. Þegar Björgvin var kominn til baka, sneri ákærði Páll Guðfinnur sér að honum, en ekki fylgdist Guðmundur Karl með átökum þeirra, en sá Björgvin hlaupa á brott. Þegar hann var farinn, sneri ákærði Páll Guðfinnur sér að Guðmundi Karli og byrjaði að berja hann í andlitið, en ákærði Sigurður Kort hélt honum á meðan, en tók einnig þátt í barsmíðinni. Þá segir Guðmundur Karl, að ákærði Páll Guðfinnur hafi sparkað í annan fótinn á honum í þeim tilgangi að skella honum. Guðmundur Karl man til þess, að áður en barsmíðarnar hófust, sagði hann ákærðu, að Björgvin væri golfmeistari, og var þetta gert til að fá þá ofan af fyrirhuguðum slagsmálum, en ekki man hann nákvæmlega, hvernig orð féllu í þessu sambandi.

Ákærðu voru fyrst yfirheyrðir af rannsóknarlögreglunni og síðar fyrir dómi. Verður nú gerð grein fyrir framburðum þeirra fyrir dómi um átökin og aðdraganda þeirra, sem ákærðu lýsa báðir á svipaðan hátt.

Ákærði Sigurður Kort kveðst greint sinn hafa verið drukkinn að koma í leigubifreið að heimili ákærða Páls Guðfinns við Hörgshlíð ásamt honum og vinkonu hans. Stöðvuðu þá tveir menn bifreiðina og spurðu til vegar. Þeir gáfu ákærða áfengi að drekka úr flösku, sem þeir höfðu meðferðis. Síðan gengu þeir á brott norður götuna. Á meðan ákærði Páll Guðfinnur var að gera upp bifreiðina, kallaði ákærði Sigurður Kort í mennina og bað þá að tala við sig. Sneru þeir þá við, og hitti ákærði þá á mótum Hamrahlíðar og Háuhlíðar. Ákærði fór að rífast við annan þeirra, Guðmund Karl, en hann kom aðeins á undan Björgvini. Ekki man

ákærði, hvað þeir voru að ræða. Ákærði tók í hálsmálið á jakka Guðmundar Karls og ætlaði að snúa hann niður í götuna, en tókst ekki. Sparkaði Guðmundur Karl þá til ákærða, en hitti ekki. Á meðan á þessu stóð, hafði ákærði Páll Guðfinnur komið út úr bifreiðinni og ráðist að Björgvini. Ekki sá ákærði átök þeirra, en sá, að Björgvin tók í hálsmálið á jakka ákærða Páli Guðfinni, áður en þau hófust. Ákærði sá Björgvin hlaupa á brott, og þá kom ákærði Páll Guðfinnur ákærða til aðstoðar. Var þá ákærði ekki farinn að slá Guðmund Karl. Ákærði Páll Guðfinnur aðstoðaði nú ákærða og sló meðal annars til Guðmundar Karls 2 eða 3 sinnum, og komu högginn í andlit hans. Áður en ákærði Páll Guðfinnur sló Guðmund Karl í andlitið, hafði hann sparkað í annan fótinn á honum. Rétt áður en átökunum lauk, sló ákærði Guðmund Karl eitt högg í andlitið og telur, að það hafi komið á hökuna. Átökunum lauk, þar sem Björgvin kom aftur hlaupandi, og þá flúðu ákærðu inn á heimili ákærða Páls Guðfinns. Ákærði kannast ekki við að hafa aðstoðað ákærða Pál Guðfinn, á meðan hann var að berja Guðmund Karl.

Ákærði Páll Guðfinnur segir, að ákærði Sigurður Kort hafi talað við þá Guðmund Karl og Björgvin, þegar þeir voru að spyrja til vegar. Segir ákærði, að ákærði Sigurður Kort hafi beðið þá að gefa sér sjúss og hefði annar maðurinn rétt honum gosdrykkjarflösku með vínblöndu í. Flaskan var tæplega hálf, og drakk ákærði Sigurður Kort drjúgan slatta af eftirstöðvum innihaldsins, svo að aðeins lítil lögg var eftir í flöskunni, þegar hann skilaði henni. Að minnsta kosti annar mannanna kvartaði yfir því, hve ákærði Sigurður Kort hefði drukkið mikið, en síðan gengu mennirnir á brott. Unnusta ákærða og ákærði Sigurður Kort fóru út úr bifreiðinni, á meðan ákærði gerði upp ökugjaldið. Ákærði heyrði ákærða Sigurð Kort kalla í mennina, sem þá munu hafa verið komnir dálítið fram fyrir bifreiðina, og bað þá að koma aftur. Þegar ákærði kom út úr bifreiðinni, voru ákærði Sigurður Kort og annar maðurinn í einhverjum átökum, en ekki voru þeir byrjaðir að slá hvor til annars. Hinn maðurinn, sem stóð rétt hjá, sagði ákærða, að hann sjálfur væri golfmeistari og kvaðst skyldu slá ákærða niður á Laugaveg og blés um leið tóbaksreyk framan í ákærða. Ákærði bað manninn að taka niður gleraugun, en ákærði hafði í hyggju að berja manninn. Ekki man ákærði, hvort maðurinn tók niður gleraugun, en ákærði kveðst hafa veitt honum högg beint á munninn, án þess að maðurinn hefði gert tilraun til þess að slá ákærða. Ekki man

ákærði, hvort maðurinn hafði tekið nokkuð á ákærða, áður en hann sló hann. Ákærði man ekki, hvort hann veitti honum höggið með hnefanum eða skallaði hann. Ákærði kveðst í framhaldi af þessu höggi hafa sparkað í andlitið á manninum með fætinum. Við þetta lagði maðurinn á flóttu, en ákærði sneri sér að því að aðstoða ákærða Sigurð Kort, sem var í átökum við hinn manninn. Ákærði kveðst hafa slegið þann mann í andlitið og einnig hafi hann sparkað í magann á honum. Ekki man ákærði, hvort hann sparkaði í manninn fyrst eða veitti honum höggið. Ákærði man ekki, hvort hann sparkaði í fótinn á manninum, en telur það hugsanlegt. Ákærði man ekki eftir því að hafa rifið jakka og skyrtu, en telur, að það geti vel verið rétt.

Ekki man ákærði til þess að hafa séð ákærða Sigurð Kort slá mann þann, sem hann byrjaði átökin við.

Ákærði kveðst hvorki geta jatað því né neitað, að hann hafi slegið mann þann, sem var í átökum við ákærða Sigurð Kort, eitt eða fleiri högg.

Björgvini Þorsteinssyni var kynntur framburður ákærða Sigurðar Korts, og kvað hann framburð hans um upphaf átakanna rangan.

Ekki sá Björgvin ákærða Sigurð Kort taka í hálsmálið á jakka Guðmundar Karls eða Guðmund Karl sparka til hans. Þá kannast hann ekki við að hafa tekið í hálsmálið á ákærða Páli Guðfinni, áður en hann fékk sparkið frá honum.

Björgvini var kynntur framburður ákærða Páls Guðfinns fyrir dóminum. Hann kvaðst ekki minnst þess, að þeir félagar hafi kvartað yfir því við ákærða, hve mikið hefði verið drukkið úr flöskunni. Þá ítrekaði Björgvin, að engin átök hafi verið byrjuð, þegar hann fékk höggið á hökuna.

Björgvin kannast ekki við að hafa sagst vera golfmeistari, en hins vegar hafi Guðmundur Karl sagt við ákærðu, að Björgvin væri golfmeistari og gæti slegið þá niður á Laugaveg. Björgvin kannast ekki við að hafa blásið tóbaksreyk framan í annan ákærðu og kannast ekki við að hafa fengið frá þeim hinum sama nema eitt högg.

Guðmundur Karl mótmælti því að hafa sparkað til ákærða Sigurðar Korts, og ekki kannast hann við, að Björgvin hafi verið með hótanir við ákærðu. Hann sjálfur kannast ekki við að hafa hótad að slá ákærðu niður á Laugaveg. Þá tók hann fram, að þeir félagar hefðu gert ítrekaðar tilraunir til að friðmælast við ákærðu.

Í vottorði Brynjólfs Mogensens, aðstoðarlæknis á slysadeild Borgarspítalans, dagsettu 15. apríl sl., segir svo um meiðsli Guðmundar Karls Björnssonar, en þau voru skoðuð daginn áður kl. 0450:

„Við skoðun kemur í ljós, að sj. er allblóðugur í framan. Nef er allbólgið, sérlega vinstra megin og er skakkt yfir til hægri. Það eru eymsli hægra megin á nefi ofarlega. Efri vör hægra megin er mjög bólgin og sprunga innan á vörinni. Það er einnig sprunga innan á efri vör vinstra megin. Það er mar í tannholdi í kringum fyrstu framtönn hægra megin að ofan og sprunga í tannholdið á því svæði, um 2 cm. Tönnin er eilítið laus. Einnig er mar á kálfa ofanvert að utan eftir ofangreint spark.

Sj. var snyrtur til í framan, en ekki þurfti að gera að meiðslum a. ö. l.

Er látinn koma kl. 10 þann 14/4 í myndatöku. Rtg. myndir sýndu, að nef var óbrotið. Sj. segist þó ennþá hafa verk í nefi og á svæði í kringum munninn. Ekki hafi örlað á svima né ógleði. Bólgan á ofangreindu svæði hefur ekki minnkað neitt“.

Guðmundur Karl hefur gert kröfu til þess, að ákærðu verði dæmdir til þess að greiða honum í skaðabætur kr. 4.150 vegna læknisaðgerðar, kr. 5.000 vegna nýrra gleraugna og kr. 10.000 í miskabætur og fyrir öðrum kostnaði, eða samtals kr. 19.150. Ákærðu hafa báðir samþykkt þessa kröfu svo og móðir ákærða Sigurðar Korts, en faðir ákærða Páls Guðfinns fékkst ekki til að mæta og taka afstöðu til kröfunnar, sem honum var kynnt símleiðis.

Með eigin játningu ákærðu, framburði áðurgreindra tveggja vitna, sem allt er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að ákærðu hafi í félagi framið áðurgreinda líkamsárás, og hafa þeir með því brotið gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

4.

Sunnudaginn 12. maí sl. var ákærði Guðbjörn Helgi Ríkarðsson gestkomandi ásamt öðrum manni og stúlku hjá Páli Sigurðssyni í íbúð hans á 1. hæð hússins nr. 16 A við Eskihið í Reykjavík. Einhvern tíma síðdegis hvarf ákærði á brott úr íbúðinni um stund. Um leið og hann fór, tók hann með sér og sló eign sinni á ýmsa muni úr íbúð Páls, sem hann bar á brott með sér í plastpoka, sem hann fann í íbúðinni. Hér var um að ræða silfurborðfánastöng frá stofnun lýðveldisins, með fána á, lítið silfurvíkingaskip, litla silfurskál og tvær eða þrjár bækur. Ákærði seldi af-

greiðslustúlku í versluninni Krónunni allt, sem í pökanum var, fyrir, að eigin sögn, nálægt 4.000 krónum. Fyrir peningana keypti ákærði rakspíritus, mat fyrir sjálfan sig og ákærðu Sigurð Kort og Ásgeir Örn, sem hann hitti síðar í veitingastofunni Sælacafé. Þá ók ákærði með leigubifreiðum. Ákærði fór aftur í Eskihlíðina, þegar hann var búinn að eyða peningunum að mestu, en að hans sögn mun það hafa tekið um eina klukkustund.

Síðar um kvöldið, þegar ákærði Guðbjörn Helgi var í íbúðinni, voru ákærðu Sigurður Kort og Ásgeir Örn með honum. Ákærði Guðbjörn Helgi yfirgaf íbúðina að eigin sögn á milli klukkan 23 og 24 um kvöldið. Um leið og hann fór á brott í þetta skipti, tók hann með sér og sló eign sinni á ýmsa fleiri hluti úr íbúðinni. Ákærði bar þetta með sér í tveim plastpokum, sem hann fann í eldhússkáp. Hér var um að ræða eirkeið, fugl úr brenndum leir, minnisbók, fáeinar bækur, lyklakippu með 5 lyklum, 2 lyklastjöld, 3 silfurmatскеiðar, silfurgaffal, silfursylgju, gulleyrnalokk, 3 trébakka fyrir glös, 5 tréhringi, botnlausar, vatnslitamynd og gamalt tékkhefti.

Ákærði fór með varninginn í leigubifreið niður í miðborgina, og þar sleppti hann bifreiðinni við Lækjartorg. Eftir að hafa farið í ísbúðina við torgið, þar sem hann falsaði og notaði einn tékka, fór ákærði í Borgarbilastöðina við Hafnarstræti og bauð varninginn til kaups, en enginn vildi kaupa. Stuttu síðar var ákærði handtekinn á móts við pylsusöluna við Tryggvagötu, en þar hafði hann sest inn í bifreið og var að ræða við ökumann hennar. Var ákærði þá með allt þýfið í fórum sínum, sem hann hafði stolið í síðara skiptið. Komst það allt til skila svo og flest það, sem hann hafði stolið í fyrra skiptið, en Unnur Þórðardóttir, Skippholti 34, hafði keypt það af ákærða í versluninni Krónunni fyrir kr. 3.700, sem hún hefur krafist, að ákærði Guðbjörn Helgi greiði henni. Hefur hann samþykkt kröfu hennar og vefengir ekki, að það sé fjárhæð sú, er hann fékk fyrir þýfið, sem hann seldi í Krónunni.

Á meðan ákærðu Sigurður Kort og Ásgeir Örn dvöldust í íbúðinni, fóru þeir inn í herbergi inn af stofu íbúðarinnar, að sögn ákærða Sigurðar Korts til þess að leita að einhverju fémætu. Þar inni fann ákærði Ásgeir Örn rúmar 40.000 krónur í peningum, sem hann tók. Voru peningarnir í ólæstri skúffu í skrifborði. Að sögn ákærða Ásgeirs Arnar stóð ákærði Sigurður Kort þá við hlið hans. Ákærði Sigurður Kort segir þetta ekki rétt og hafi hann ekki séð ákærða Ásgeir Örn taka peningana, en hann

hafi séð þá hjá honum frammi í forstofu á eftir. Ákærðu slógu eign sinni á þessa peninga og skiptu þeim á milli sín. Ákærðu fóru strax úr íbúðinni, eftir að þeir höfðu fundið peningana, án þess að láta aðra viðstadda vita af töku þeirra.

Ákærðu eyddu hluta peninganna í skemmtanir. Síðla næsta dags komu ákærðu í íbúðina til þess, að eigin sögn, að skila afgangnum af peningunum, en þá voru þeir handteknir án þess að hafa gert tilraun til þess að skila þeim.

Páll Sigurðsson fékk til baka í peningum kr. 15.793. Hann gerði 11. þ. m. kröfu til þess, að ákærðu greiddu honum þegar í stað það, sem þeir tóku frá honum, en ef þeir gætu það ekki strax, þá félli hann frá að gera skaðabótakröfu á hendur þeim. Ákærðu gátu hvorugur greitt Páli tjón hans.

Þessi háttsemi ákærðu Guðbjörns Helga, Sigurðar Korts og Árgeirs Arnar er sönnuð með eigin játningum þeirra sjálfra, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins. Hún varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga.

5.

Eins og þegar er fram komið, falsaði ákærði Guðbjörn Helgi og notaði einn tékka úr tékkhefti því, sem hann stal á heimili Páls Sigurðssonar. Tékkinn er gefinn út til handhafa, að fjárhæð kr. 500, dagsettur 12. maí 1974 og gefinn út með nafninu Einar Sigurðsson. Er tékkinn ritaður á eyðublað D Nr. 22627 á spari-sjóðsávisanareikning við útibú Landsbanka Íslands á Selfossi, en ákærði hefur gleymt að tilgreina reikningsnúmerið. Ákærði notaði tékkann til þess að kaupa fyrir hann einn ís í ísbúðinni við Lækjartorg, og kostaði ísinn kr. 40, en afganginn fékk ákærði til baka í peningum. Um leið og ákærði notaði tékkann, falsaði hann á bakhlið hans framsalsnafnið Guðmundur Jónsson, 2448–4135, sími 15719, Eiríksgata 6.

Eigandi ísbúðarinnar gerir engar kröfur á hendur ákærða vegna tékkans.

Þessi tékkafölsun ákærða Guðbjörns Helga er sönnuð með eigin játningu hans sjálfs, sem er í samræmi við önnur gögn málsins. Hún varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæra, dagsett 7. október 1974.

Miðvikudaginn 12. júní sl. kom Einar B. Waage, Háaleitisbraut 141 í Reykjavík, til rannsóknarlögreglunnar með tékka að fjárhæð kr. 5.000, gefinn út til handhafa á tékkaeyðublað A Nr. 958700 á ávisanareikning við Múlaútibú Landsbanka Íslands.

Tékkinn var gefinn út með nafninu Albert Jónsson, dagsettur 4. maí 1974 og tilgreint reikningsnúmer 2846. Tékkinn hafði verið tekinn sem greiðsla fyrir einhverjar vörur í biðskýlinu við Háaleitisbraut. Taldi Einar, að keyptar hefðu verið 3 lengjur af vindlingum, en að öðru leyti hafi tékkinn verið greiddur í peningum. Tékkinn er framseldur af ákærða Guðbirni Helga.

Ákærði Guðbjörn Helgi viðurkenndi við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni að hafa falsað áðurgreindan tékka. Hann var búinn að falsa framhlið tékkans, þegar hann kom í söluturninn, en framsalið ritaði hann þar, um leið og viðskiptin fóru fram. Fyrir dómi skýrir ákærði svo frá, að hann hafi að kvöldi 4. maí sl. verið staddur drukkinn fyrir utan Þórscafé. Þar hitti hann pilt, sem kallaður er Össi, en ekki veit ákærði frekari deili á honum. Þessi piltur gaf ákærða tékkaeyðublað, óbeðinn. Sama kvöldið útfyllti ákærði eyðublaðið og fór síðan með það og seldi tékkann í söluturni við Háaleitisbraut. Ákærði framseldi tékkann með eigin nafni, um leið og viðskiptin fóru fram, en fyrir tékkann kveðst ákærði hafa fengið fimm lengjur af vindlingum, sem kostuðu nákvæmlega fjárhæð tékkans. Vindlingana seldi ákærði síðan með einhverjum afföllum og eyddi andvirðinu í áfengi og leigubifreiðaakstur um kvöldið og nóttina.

Ákærði greiddi andvirði tékkans, og er ekki gerð á hann skaðabótakrafa vegna fölsunarinnar.

Þessi fölsun ákærða Guðbjörns Helga er sönnuð með eigin játningu hans sjálfs, sem er í samræmi við önnur gögn málsins. Hún varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæra, dagsett 27. febrúar 1975.

Laust eftir miðjan ágúst sl. hitti ákærði Guðbjörn Helgi, dag nokkurn laust eftir hádegi, Guðmund Ermenreksson, Grýtubakka 22 í Reykjavík, við Austurbæjarbarnaskólann, en þar var hann ásamt tveim piltum, og voru þeir allir undir áhrifum áfengis svo og ákærði. Guðmundur kvaðst vera peningalaus, og varð að samkomulagi á milli þeirra, að ákærði tæki við úri Guðmundar og reyndi að veðsetja það, svo að hægt yrði að kaupa áfengi. Ákærði tók við úrinu, og niðri í Austurstræti seldi hann það einhverjum manni, sem hann veit ekki hver er, fyrir 6.000 kr. Upphaflega ætlaði ákærði með úrið til móður sinnar, en hvarf frá þeirri fyrirætlan.

Ákærði eyddi andvirði úrsins í veitingahúsinu Naust fyrir áfengi og stóð ekki við loforð sitt við Guðmund um að koma með peninga eða áfengi fyrir úrið.

Úrið hefur ekki komist til skila, og gerir Guðmundur kröfu til þess, að ákærði verði dæmdur til þess að greiða honum kaupverð úrsins, kr. 13.900, en úrið var nærri nýtt. Ákærði hefur samþykkt þessa kröfu sem réttmæta.

Þessi háttsemi ákærða Guðbjörns Helga er sönnuð með játningu hans sjálfs og öðrum gögnum málsins. Hún varðar við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

Sakaferill ákærðu.

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu og öðrum upplýsingum hafa þeir sætt kærur og refsingum sem hér segir:

Ákærði Sigurður Kort:

- 1972 í Reykjavík: Uppvís að broti á 244. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 4. desember 1972.
- 1973 10/4 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 244. gr. og 259. gr. hegningarlaga.
- 1974 28/8 í Reykjavík: Dómur: 5 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga. (Dómur 10. apríl 1973 dæmdur með).
- 1975 16/4 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga. Ekki gerð sérstök refsing.

Ákærði Páll Guðfinnur:

- 1972 5/6 í Reykjavík: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага.

Ákærði Ásgeir Örn:

- 1972 29/12 í Reykjavík: Sátt, 2.500 kr. sekt fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga og 3. gr. og 4. gr. lögreglusamþykktar Kópavogs.
- 1973 4/5 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 244. gr. og 259. gr. hegningarlaga og umferðar- og áfengislagabrot.
- 1974 23/4 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 16. gr. reglugerðar um ökokennslu o. fl., en eigi gerð sérstök refsing. Svíptur rétti til ökuleyfis í 1 ár frá 23. apríl 1974.
- 1974 28/8 í Reykjavík: Dómur: 8 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga og 25. gr. og 27. gr. umferðarlaga. Svíptur rétti til ökuleyfis í 3 mánuði frá 23. apríl 1974. (Dómur 4. maí 1973 dæmdur með).

Ákærði Guðbjörn Helgi:

- 1949 13/6 í Reykjavík: Áminning fyrir rangstefnuakstur á reiðhjóli.
- 1950 14/7 í Reykjavík: Áminning fyrir akstur bifhjóls án réttinda.
- 1950 6/10 í Reykjavík: Áminning fyrir akstur bifhjóls án réttinda.
- 1952 8/5 í Reykjavík: Kærður fyrir rúðubrot. Afgreitt með skaðabótum.
- 1952 26/6 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 20. gr. bifreiðalaga.
- 1953 13/4 í Reykjavík: Dómur: 1.000 kr. sekt, 6 mánaða ökuleyfisvipting fyrir brot á áfengislögum og bifreiðalögum.
- 1953 23/12 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun í bifreið.
- 1954 9/2 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
- 1954 8/6 í Reykjavík: Áminning fyrir óspektir.
- 1954 7/10 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 1954 30/11 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. bifreiðalaga og 46. gr. lögreglusamþykktar.
- 1955 21/1 í Reykjavík: Dómur: Fangelsi 4 mánuði, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga, áfengislögum, bifreiðalögum og lögreglusamþykkt.
- 1955 31/1 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 1955 17/5 í Reykjavík: Dómur: 5 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi og ökuleyfi ævilangt, fyrir brot á 244. gr., 245. gr., 247. gr. og 248. gr. hegningarlaga, áfengislögum, bifreiðalögum og lögreglusamþykkt.
- 1955 30/5 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 1956 23/1 í Reykjavík: Dómur Hæstaréttar í máli nr. 1833/1955: 8 mánaða fangelsi fyrir framangreind brot, réttinda-svipting staðfest.
- 1956 8/3 í Reykjavík: Dómur: 15 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi og rétti til ökuleyfis ævilangt, fyrir brot á 148. gr., 248. gr. og 244. gr. hegningarlaga, áfengislögum, bifreiðalögum og umferðarlögum.

- 1957 8/5 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1957 11/7 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1958 29/12 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1959 28/5 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1959 30/12 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1960 11/2 í Reykjavík: Dómur: Fangelsi í 10 mánuði, sviptur kosningarétti og kjörgengi og rétti til ökuleyfis ævilangt, fyrir brot á 168. gr., 244. gr., 248. gr. og 219. gr. hegningarlaga, áfengislögum og umferðarlögum.
- 1961 12/4 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1962 9/1 í Reykjavík: Dómur: 60 daga fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1962 23/5 í Reykjavík: Dómur: 18 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1963 23/3 í Reykjavík: Dómur: Eigi gerð refsing, en greiði skaðabætur og sakarkostnað fyrir brot gegn 247. gr., 1. mgr., hegningarlaga.
- 1964 27/2 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1964 6/3 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1964 11/5 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1964 30/5 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1964 24/7 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. og 248. gr. hegningarlaga.
- 1966 21/6 á Akureyri: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 7. gr. lögreglusamþykktar.
- 1966 8/11 í Reykjavík: Sátt, 700 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1967 16/1 í Reykjavík: Sátt, 700 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1967 9/2 í Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1967 31/5 í Reykjavík: Dómur: 15 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga.
- 1967 28/7 í Reykjavík: Sátt, 900 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

- 1967 18/8 í Reykjavík: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 177. gr. hegningarlaga.
- 1967 31/8 á Akureyri: Áminning fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 3. gr. og 7. gr. lögreglusamþykktar.
- 1967 20/10 í Reykjavík: Dómur Hæstaréttar í málinu nr. 198/1967, dags. 31. maí 1967: Héraðsdómurinn staðfestur að öðru leyti en því, að ákærði greiði Jóni Magnússyni kr. 700.
- 1967 6/12 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1970 11/8 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
- 1971 11/5 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. og 2. mgr., sbr. 1. mgr. 257. gr. hegningarlaga.
- 1971 15/6 í Reykjavík: Dómur: 30 daga fangelsi (hegningarauki) fyrir brot gegn 247. gr. hegningarlaga.
- 1971 9/7 í Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1971 2/11 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot á 245. gr. hegningarlaga.
- 1972 27/10 í Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1973 6/4 í Reykjavík: Dómur: 8 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1973 4/4 í Reykjavík: Sátt, 3.200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1973 1/6 í Reykjavík: Dómur: 1 mánaðar fangelsi (hegningarauki) fyrir brot á 217. gr. og 245. gr. hegningarlaga.
- 1974 30/4 í Reykjavík: Sátt, 2.500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1974 19/6 í Reykjavík: Sátt, 2.500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

Niðurstöður.

Brot ákærða Sigurðar Korts í máli þessu eru öll framin fyrir uppsögu dóms þess, er hann hlaut 28. ágúst sl., en brotin í ákær-unni frá 12. júlí sl., liðum 2—4, eru rof á skilorði dómsins frá 10. apríl 1973. Þykir bera samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga að ákvarða ákærða nú í einu lagi refsingu fyrir öll brotin. Samkvæmt þeirri lagagrein og með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða nú hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði.

Refsing ákærða Páls Guðfinns þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði, en þar sem hér er um að ræða fyrsta refsidóm ákærða, þykir mega ákveða, að fullnustu refsingar hans megi fresta og hún niður falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Brot ákærða Ásgeirs Arnar í máli þessu er framið fyrir uppsögu dóms þess, er hann hlaut 28. ágúst sl. Þykir refsing hans með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði.

Af sakaferli ákærða Guðbjörns Helga má ráða, að hann sé vanaafbrotamaður. Þykir refsing hans með hliðsjón af 72. gr., 77. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 10 mánuði. Rétt þykir samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga, að seta ákærða Guðbjörns Helga í gæsluvarðhaldi 13. maí sl., kl. 1641, til 15. maí sl., kl. 1615, samtals 2 dagar, skuli koma refsingu hans til frádráttar.

Ákærðu hafa samþykkt áðurgreindar skaðabótakröfur, og ber að dæma þá til þess að greiða þær þannig:

Ákærði Sigurður Kort greiði einn kr. 5.333 til Grímars Jónssonar.

Ákærðu Sigurður Kort og Páll Guðfinnur óskipt kr. 34.350 til Skapta Steinbjörnssonar og kr. 19.150 til Guðmundar Karls Björnssonar.

Ákærði Guðbjörn Helgi einn kr. 13.900 til Guðmundar Ermenrekssonar og kr. 3.700 til Unnar Þórðardóttur.

Loks ber að dæma ákærðu samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað óskipt.

Dómsorð:

Ákærði Sigurður Kort Hafsteinsson sæti fangelsi í 15 mánuði.

Ákærði Páll Guðfinnur Gústafsson sæti fangelsi í 3 mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Ásgeir Örn Gunnarsson sæti fangelsi í 2 mánuði.

Ákærði Guðbjörn Helgi Ríkarðsson sæti fangelsi í 10 mánuði. Frá refsingu hans skal draga 2 gæsluvarðhaldsdaga.

Ákærðu greiði skaðabætur sem hér segir:

Ákærði Sigurður Kort einn kr. 5.333 til Grímars Jónssonar.

Ákærðu Sigurður Kort og Páll Guðfinnur óskipt kr. 34.350 til Skapta Steinbjörnssonar og kr. 19.150 til Guðmundar Karls Björnssonar.

Ákærði Guðbjörn Helgi einn kr. 13.900 til Guðmundar Ermenrekssonar og kr. 3.700 til Unnar Þórðardóttur.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað óskipt.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 28. september 1976.

Nr. 131/1976. Arnbjörn Ólafsson
 Einar Ólafur Arnbjarnarson
 Arnbjörn Hjörleifur Arnbjarnarson og
 Arnbjörn Ólafsson f. h.
 Aðalheiðar Ernu Arnbjarnardóttur
 gegn
 Sigurði Sigurgeirssyni og
 Arnbjörn Ólafsson
 gegn
 Sigurði Sigurgeirssyni.

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson
 og Þór Vilhjálmsson.

Kærumál. Kæruheimild. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. júní 1976, er barst Hæstarétti 29. s. m., en leggja verður til grundvallar, að þeir hafi eigi fengið vitneskju um hinn kærða dóm fyrr en 8. júní s. á. Krefjast þeir þess, að dómurinn verði felldur úr gildi.